**Ed.** **235. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina, til þess að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs skipaveðlán h/f »Eimskipafjelag Íslands«.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Landsstjórninni veitist heimild til þess, að ábyrgjast greiðslu á $^1/_4$ hluta veðláns, að upphæð 600,000 krónur, sem h/f Eimskipafjelag Íslands tekur í er-

lendum banka, til þess að kosta smíði á tveim millilandaskipum, sem fjelagið hefir nú samið um smíði á. Lánið endurborgist á 12 árum, með jöfnum árlegum afborgunum og sje trygt með 1. veðrjetti í umræddum tveim millilandaskipum.